

og fyrr segir, mættu áfrýjendur ekki á uppboðsþingunum, sem haldin voru, né heldur samþykktu þeir með öðrum hætti afbrigðin. Það verður því af þessari ástæðu, og án þess að athuga þurfi aðrar þær ástæður, sem áfrýjendur hafa framfært til stuðnings ómerkingarkröfu sinni, að taka hana til greina og fella úr gildi uppboðsgerðina 24. okt. og afsalsútgáfunna í uppboðsréttinum 5. nóv. 1935.

Eftir þessum málalokum þykir rétt að dæma hina stefndu framkvæmdarstjóra Landsbankans f. h. veðdeildar hans til að greiða áfrýjendum 150 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Uppboðsgerðin 24. okt. og afsalsútgáfan 5. nóv. 1935, sem áfrýjað er í máli þessu, eiga að vera ómerkar. Hinir stefndu framkvæmdarstjórar Landsbankans f. h. veðdeildar hans greiði áfrýjendum, Sturlu Jónssyni, Sveinbirni Oddssyni, Helga Jónssyni og Eyjólf Jóhannssyni f. h. Mjólkurfélags Reykjavíkur, 150 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti, að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 3. apríl 1936.

Nr. 12/1936. **Réttvísinn** (Lárus Jóhannesson)
gegn

Tómasi Jónssyni (Eggert Claessen).

Brot gegn 250. gr. alm. hegningarlaga.

Dómur aukaréttar Skagafjarðarsýslu 2. sept. 1935: Ákærði, Tómas Jónsson, sæti tíu mánaða betrunarhúsvinnu

og greiði 30 krónur í iðgjöld til Ellerts Jóhannssonar; svo greiði ákærður allan kostnað sakarinnar, þar með taldar 30 krónur í málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns hans, Péturs Hannessonar, sparisjóðsformanns á Sauðárkróki.

Ídæmd iðgjöld greiðist innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa og honum að öðru leyti að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Af hálfu skipaðs verjanda ákærða hér fyrir dómi hefir því verið haldið fram, að ákærði muni vera ósakhæfur sökum geðbilunar, og sé ástæða til að láta ýtarlegri rannsókn fara fram um andlega heilbrigði hans, verði sakhæfisskortur ekki talinn nægilega sannaður af gögnum þeim, er fyrir liggja. Hefir verjandinn upplýst hér fyrir réttinum, að á árinu 1916, þegar ákærði var að afplána hér í hegningarhúsinu refsingu þá, sem honum var dæmd með dómi landsyfirréttarins 25. okt. 1915, hafi hann verið sendur um tíma á geðveikrahælið á Kleppi, eftir ráði þáverandi héraðslæknis Reykjavíkur, sem áleit ýmis einkenni, er fram höfðu komið hjá ákærða, bera vott um, að hann hefði væga geðveiki. Yfirlæknir eldra geðveikrahælisins á Kleppi hefir í vottorði, dags. 30. marz þ. á., upplýst það, að ákærði hafi verið lagður inn á hælið 30. júní 1916 vegna geðveikiskasta, er hann hafi fengið í hegningarhúsinu, en honum hafi fljótt batnað og hafi hann útskrifast af hælínu 17. ágúst 1916, þá næstum albata. Kveðst yfirlæknirinn þó hafa lagt til, að ákærða yrði sleppt við frekari refsingu vegna veiklaðs sálarlífs.

Rannsóknardómarinn hefir hinsvegar vottað það, að við rannsókn málsins hafi hann aldrei orðið varneinnar þeirrar veiklunar hjá ákærða, sem að lög-

um rýri sakhæti hans. Próf málsins bera það og með sér, að ákærða muni hafa verið það ljóst, bæði meðan hann framdi brot sín og síðar, að verknaður hans var hegningarverður. Þá hefir og læknir sá, sem að tilhlutun rannsóknardómarans athugaði andlega heilbrigði ákærða, vottað það, að hann hafi ekki fundið nein áberandi einkenni geðsjúkdóms. Að þessu athuguðu verður að telja, að þótt geðsýkiseinkenna hafi orðið vart hjá ákærðum fyrir nú nær 20 árum, þá hafi hann verið sakhæfur, er hann framdi afbrot þau, sem honum eru gefin að sök í þessu máli.

Afbrot ákærða hefir héraðsdómarinn heimfært réttilega undir 250. gr. hegningarlaganna, þar eð ekki er sannað, að ákærði hafi verið búinn að ásetja sér að kasta eign sinni á kindur þær, er hann tók í heimildarleysi, fyrr en eftir að þær voru komnar í vörzlur hans. Og með því að refsing sú, sem ákærða hefir verið ákveðin af héraðsdómaranum, þykir hæfileg með tilliti til afbrota þeirra, er ákærði hefir áður framið, ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir þessum málsúrslitum ber ákærða að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 100 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður. Ákærði, Tómas Jónsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Lárusar Jó-

hannessonar og Eggerts Claessen, 100 krónur til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af réttvisinnar hálfu gegn Tómasi Jónssyni, búanda í Elivogum í Seyluhreppi, fyrir brot gegn 23. og 25. kapítula hinna alm. hegningarlaga frá 25. júní 1869, og lögum nr. 51, 7. maí 1928, um nokkrar breytingar til bráðabirgða á hegningarlöggjöfinni og viðauka við hana.

Málavextir eru sem hér segir:

Mánudaginn 15. október síðastliðinn fór fram almenn smölun í Seyluhreppi og víðar, og voru það fjórðu haustgöngur. Daginn eftir komust gangnamenn úr Seyluhreppi, er komu á bæinn Sólheima í Staðarhreppi, að því, að ákærði, Tómas Jónsson í Elivogum, myndi hafa rekið inn heima hjá sér eitthvað af fé ofangreindan mánudag, og eitthvað af óskilafé myndi vera í landi hans. En með því að sá grunur nágrannanna lá á ákærða, að hann héldi hjá sér óskilafé og að hann jafnvel stæli sauðfé, þá kröfðust nokkrir menn þess af hreppstjóra Seyluhrepps, að hann léti smala land jarðarinnar Elivoga. Varð hreppstjórinn þegar við óskum þessum og lét fara fram smölun á heimalandi nefndrar jarðar og rannsókn á fé því, er kom úr smöluninni og rekið var inn í Elivogum. Við rannsókn fjárins fundust 11 kindur í fé ákærða, sem leitar menn gátu ekki að svo komnu eignað honum. Vöktu tvær kindur sérstaklega athygli leitarinna, en þær voru, hvítur lambhrútur, sem að vísu var með líku marki og ákærði notar og nýmarkað (blóðmarkað) lamb, einnig með marki, er hann notar. Ennfremur fundust við rannsókn þessa tvær kindur inni í kofa á túninu í Elivogum. Voru kindur þessar eign tveggja bænda í Hegranesi og með þeirra marki. Loks fannst í öðrum kofa þar á túninu dauður lambhrútur, svartur á lit.

Laugardaginn 20. október barst sýslumanni, er nóttina áður hafði komið heim úr embættisferð norðan úr Fljótum, skýrsla nefnds hreppstjóra um framangreinda smölun og rannsókn. Var næsta mánudag (22. október) hafin réttarrannsókn út af grun þeim um sauðapjófnað, er fallinn var á ákærða.

Í byrjun réttarrannsóknarinnar kom það undireins í ljós, að hvíti lambhrúturinn, er tekinn hafði verið úr fé ákærða, er framangreind fjárkönnun fór fram, var hans eign, því ákærði hafði komið með ána, móður lambsins, er helgaði sér það. Um blóðmarkaða lambið, er að framan getur, hefir það upplýst, að lamb þetta var gefið Sigríði Jónsdóttur í Elivogum, bústýru ákærða, af Hjörleifi Sigfússyni, frá Álftagerði í Seyluhreppi. Um kindurnar tvær úr Ripurhreppi hefir ákærði haldið því fram og fært nokkrar sönnur á það, að hann hafi hirt þær og rekið inn í greiðaskyni við eigendurna. Voru kindur þessar hirtar og komið til skila. Þykir ekki ástæða til að dvelja frekar við þessi atriði rannsóknarinnar með því að ekki virðast líkur fyrir að afskipti ákærða af kindum þessum verði gefin honum að sök.

Miðvikudaginn, 24. október, var, samkvæmt lögreglu-réttarárskurði, og að undanfarinni nýrri smalamennsku gerð húsleit á heimili ákærða og framkvæmd ný könnun á öllum fénaði, er þá fannst í heimalandi hans. Vakti það þá eftirtekt, að allmargar kindur af fé ákærða og nefndrar bústýru hans, voru soramarkaðar og mjög hornskeltar. Voru 18 kindur skrásettar með mörkum, með því að þær þóttu rannsóknarverðar. Meðal þeirra var hvít gimbur, veturgömul, brennimerkt og hornskelt, með eyrnamarkinu: Stýft, gagnbitað hægra en miðhlutað í sneitt aftan, vaglskora framan vinstra. Var gimbur þessi tekin í vörslur lögreglunnar. Við fjárkönnunina gerði ákærði svolhljóðandi grein fyrir heimild sinni á kindinni, að í fyrria vor hefði einhver markað lamb þetta undir sama marki og ærin móðir þess bar, er hann kveðst eiga, en markið á ánni sé: 2 bitar framan hægra en heilrifað vinstra. En sjálfur sagðist hann síðan hafa markað lambið upp undir mark framannefndrar bústýru sinnar: Stýft, gagnbitað hægra en miðhlutað í sneitt aftan, vaglskora framan vinstra. Og er ákærður var yfirheyrður í rétti þenna sama

dag, þá kveðst hann eiga kind þessa og hafa sjálfur alið hana upp. Lauk réttarhaldinu með því að hann var settur í gæsluvarðhald.

Er réttarprófunum var haldið áfram næsta dag, kom það í ljós, að ýmislegt er þá upplýstist um, bendi til þess að ofangreind gimbur myndi vera mörkuð undan marki Steingríms Óskarssonar bónda á Páfastöðum í Staðarhreppi, en fjármark hans er: Tvistýft framan hægra, fjöður framan vinstra. Þóttu markleifar á eyrum gimbrarinnar svo og að ákærði virtist tvisaga um horntöku og brenni-merkingu kindarinnar benda til þessa. Var kindin því flutt að Páfastöðum til frekari rannsóknar. Bar nefndur Steingrímur það fyrir réttinum, að honum hefðu horfið tvær hvítar gimbrar veturgamlar, vorið áður, úr girðingu í heimalandi hans, og þóttist hann þekkja framangreinda gimbur fyrir aðra þeirra. Var gimbrin síðan athuguð ásamt ánni, er álitin var móðir hennar. Var það álit vitna þeirra, er hana skoðuðu, að hún væri eign Steingríms og hægt væri að sjá af markleifum, að hún hefði verið mörkuð upp úr framangreindu marki hans. Fimm dögum eftir að kindin var tekin, meðkenndi ákærði að hafa tekið kind þessa af ófrjálsu og afmarkað hana, og er hér að lútandi framburður hans á þessa leið: Seint um vorið 1934 varð hann var við kindina, að hún var komin í fé hans. Sá hann að hann átti ekki kind þessa, en þrátt fyrir það sló hann eign sinni á hana og markaði hana undir mark bústýru sinnar, eins og áður er sagt. Hefir hann haldið því fram, að markið á kindinni, áður en hann markaði hana upp, hafi verið: Tvistýft framan hægra, en á vinstra eyranu hafi sér fremur sýnzt vera biti en fjöður, en hann tekur það þó fram, að vel geti fjaðrabroddurinn hafa verið lúinn svo af, að fjöðrin hafi líkst bita.

Hafði nú rannsókn á sauðfé ákærðs verið haldið fram, svo og var eftir fyrirskipun lögreglunnar hafin leit að hrossum hans og þau könnuð hvar sem þau fundust. Við hrossakönnunina kom ekkert í ljós, er tortryggilegt þótti um heimild hans á hrossunum. En við sauðfjárkönnun, er fór fram 1. nóv. voru teknar úr fé hans 13 kindur til frekari rannsóknar, með því að þær þóttu athugaverðar, bæði að því er hornamörk og eyrnamörk snerti. Voru margar af kindum þessum þær sömu og skrásettar höfðu

verið 24. október. Var ákærður látinn í lögreglurétti, er haldin var á Seylu 2. nóvember síðastliðinn, gera grein fyrir heimildum sínum á hverri þessara kinda fyrir sig, er kindurnar voru leiddar fyrir hann í réttinum. Um 11 af kindunum þótti framkoma nægileg greinargerð af hálfu ákærða og annara, er hann kvaðst hafa fengið kindurnar hjá. En tvær þeirra voru teknar frá, þaræð sterkar líkur voru fengnar fyrir því, að þær væru stolnar. Kindur þessar voru: 1) Hvít ær mörkuð: Stýft og gagnbitað hægra, miðhlutað í sneitt aftan og vaglskora framan vinstra. Kannaðist ákærði við markið, sagði ána vera sína eign og hafa fengið hana frá Stefáni Stefánssyni föðurbróður sínum á Ögmundarstöðum í Staðarhreppi. 2) Kollótt ær með sama marki og hin fyrirtalda. Sagðist ákærði einnig eiga þessa kind og hafa keypt hana af Jóhanni bónda Björnssyni á Skiðastöðum í Lýtingsstaðahreppi. Í lögregluréttinum var nú einnig mættur Ellert bóndi Jóhannsson í Holtsmúla í Staðarhreppi og hafði hann vandlega skoðað ofangreindar ær. Bar hann það fyrir réttinum að hann þekkti báðar kindurnar sem sína eign, og tók það fram, að hann þyrði að helga sér kolóttu ána með eiði, enda hafði sonur hans skoðað þessa kind daginn áður og þekkt hana. Kvaðst Ellert hafa keypt ána ásamt fleiri ám frá Syðra-Vatni í Lýtingsstaðahreppi vorið 1933. Hvarf ærin honum úr heimahögum nokkru eftir sauðburðinn í fyrra vor ásamt ómörkuðu lambi. Hafði hann um haustið 1933 brennimerkt kindina á hornum og markað hana undir sitt mark: Stýft, gagnbitað hægra, hvatrifað, gagnbitað vinstra. Hvítu ána kvaðst hann hafa keypt af Stefáni Magnússyni á Reynistað vorið 1933 og var hún þá gemlingur. Sleppti hann henni á haga og sá hana ekki síðan fyrr en nú á Seylu. Kindin var ekki hornskellt, er hann sleppti henni, en hann brennimerkti hana á hægra hornið með: „Ellert“, en á vinstra horn með: S. 9.

Við nákvæma markaskoðun er rannsóknardómarinn lét gera á kindum þessum, komu í ljós markleifar bæði á hornum og eyrum, sem að ýmsu leyti staðfesti framburð Ellerts Jóhannssonar. Og daginn eftir framangreint réttarhald á Seylu játaði ákærði að hafa af ófrjálsu slegið eign sinni á báðar hinar ofangreindu kindur eins og nú skal hermt. Ákærði varð fyrst var við kolóttu ána um 10.

helgi sumars 1934. Var hún þá komin í fé hans fyrir fram-
 an Elivoga. Var ærin með einu lambi ómörkuðu. Rak hann
 ána og lambið með 2 eða 3 kindum, sem hann átti, heim
 í hús í Elivogum og markaði hvorttveggja undir áðurgreint
 mark bústýru sinnar. Þurfti hann lítið að breyta mark-
 inu á ánni, því mark Ellerts í Holtsmúla, sem hann þekkti
 að var á ánni, er svo líkt marki Sigríðar bústýru hans.
 Segist ákærði ekki hafa verið í neinum efa um að Ellert
 átti ána og lambið, en hafa markað kindurnar í því skyni,
 að slá eign sinni á þær. Við hvítu ána varð hann fyrst var
 haustið 1933. Var hún þá komin í fé hans rétt fyrir aust-
 an bæinn í Elivogum. Var þetta eftir göngurnar, og segir
 hann að kindin hafi verið í fé hans um veturinn. Hefir
 hann haldið því fram, að hann hafi ekki markað kind
 þessa upp fyrr en snemma um vorið 1934. En markið á
 kindinni, áður en hann markaði hana upp, segir hann að
 hafi verið: Stýft, gagnbitað hægra, hvatrifað, biti fram-
 an vinstra, „sem víst hafi átt að vera: hvatrifað, gagnbitað
 vinstra.“ Hafi markið á vinstra eyranum verið svo illa
 gert, að ekki sást fyrir bitanum aftan á eyranu, en bit-
 inn framan á eyranu eins og vaglskora. Segist hann hafa
 breytt markinu á vinstra eyranu að því leyti, að hann
 markaði miðhlutað ofan í eyrað, en aðrar breytingar þyk-
 ist hann ekki hafa þurft að gera til þess að kindin væri
 komin undir mark Sigríðar bústýru hans, með því að
 markið var svo illa gert á vinstra eyranu. Markbreyt-
 ingu þessa segist hann hafa gert í þeim tilgangi að slá
 eign sinni á kind þessa. Hefir hann haldið því fram, að
 kind þessi hafi verið brennimerkt aðeins á hægra horni,
 og brennimarkið ólæsilegt fyrir þá sök hve djúpt það var
 brennt, en hann tálgaði það af og brennimerkti kindina
 á báðum hornum með því brennimarki, er hann notar á
 sínu fé. Þessi framburður ákærða er þó rangur, að því
 leyti, að með ýtarlegri markskoðun er það upplýst, að bit-
 inn aftan á vinstra eyra kindar þessarar, sem ákærði þótt-
 ist ekki finna, er þar vel finnanlegur, en situr neðarlega
 á eyranu. Kemur þetta heim við framburð Ellerts Jó-
 hannssonar, og er meðal annars til marks um það, að
 hann átti kind þessa. Ákærður hefir neitað því að síð-
 astgreind ær hafi verið borin, er hún kom í vörzlur hans,
 en heldur því hinsvegar fram, að milli gangna og vetur-

nótta hafi hún borið einu lambi. Lifði lambið með ánni yfir veturinn og þangað til siðastliðið haust, að hann skar það og hagnýtti sér. Hann hefir og haldið því fram, að ær þessi hafi verið lamblaus vorið 1934 og segist ekki vita til að hún hafi borið um sumarið. Við athugun, er gerð var á ánni, að þessu leyti, hefir það aftur á móti komið í ljós, að líkur eru á að þessi framburður ákærða sé rangur, og að lamb hafi gengið undir ánni siðastliðið sumar. En þetta skiptir ekki máli þar eð mat það, er fram hefir farið til ákvörðunar á umkröfðum iðgjöldum, er samþykkt af eiganda ærinnar.

Ákærði hefir játað að hafa rúið báðar hinar framan-greindu ær. Hafa allar þrjár ærnar, er hann hefir játað að hafa tekið að ófrjálsu, verið afhentar framangreindum eigendum þeirra eftir að nægilega þótti upplýst um eign-arheimild þeirra.

Ákærður hefir stöðugt haldið því fram, að svarti lamb-hrúturinn, sem áður er getið, að dauður fannst í kofa í Elivogum, hafi verið hans rétta eign. Hafi lamb þetta verið undan aðkeyptri á, er hann hefir tilgreint, og hafi það drepizt úr pest nálægt bænum í Elivogum, skömmu áður en rannsóknin í máli þessu hófst. Hafi hann kastað lamb-hræinu inn í kofann. Hafi mark Sigríðar bústýru hans verið á lambinu. Þessi framburður ákærða virðist að ýmsu leyti tortryggilegur, því markskoðun á lambhræinu hefir leitt í ljós að markið, sem í raun og veru var á hægra eyra lambsins, kom ekki að öllu leyti heim við framan-greinda marklýsingu ákærða. Reyndist þar vaglskora, er ákærður lýsti bita. Hefir ákærður reynt að réttlæta þenna mismun með því að hann stafaði af skemmd á eyranu. Hefir ekki tekizt að upplýsa um hvort ákærði hefir náð læmbi þessu í vörzlur sínar með ófrjálsu móti, og verður hann því ekki, gegn staðfastri neitun hans, sakfelldur fyrir það.

Með tilvísun til framanritaðs þykir það löglega sannað með eigin játningu ákærða, sem kemur heim við það, sem á annan hátt hefir verið upplýst í málinu, að hann hefir kastað eign sinni á þrjár framangreindar fullorðnar kindur, ásamt tveim lömbum, og markað þær upp undir það mark, er hann sjálfur notar, enda þótt hann vissi að þær væru annara eign. En svo virðist sem kindur þess-

ar hafi allar verið komnar af hendingu í fé hans, er hann gerði þetta. Hefir nefndur Ellert Jóhannsson krafizt iðgjalda fyrir lömbin, er ákærði tók undan ám hans og enn fremur fyrir ullina af ánum. Er verðmæti þessa þýfis, er runnið hefir til ákærða, samkvæmt virðingu réttarins, samtals 30 krónur, og er virðingin samþykkt af ákærða.

Í vörn sinni fyrir ákærða krafðist hinn skipaði talsmaður hans, að hann yrði rannsakaður af lækni sérfróðum í sálsýki, með því að eigi væri ólíklegt, að hann væri óheill á sálu. Að tilhlutun dómarans, hefir ákærður því verið rannsakaður af Lárusi Jónssyni fyrrverandi geðveikralækni, er gegndi héraðslæknisembættinu á Sauðárkróki nú í vor og sumar. Liggur fyrir í málinu skýrsla hans um rannsókn þessa. Var ákærða gefinn kostur á að verða sendur til Reykjavíkur til heilbrigðisrannsóknar þar, en hann kaus heldur að nefndur læknir gerði rannsóknina. Kveðst læknirinn ekki hafa fundið áberandi einkenni geðsjúkdóma hjá ákærðum en kemst svo að orði að hann virðist vera: „moralskt degenerað individ“. Kemur álit þetta heim við þá viðkynningu, er dómarinn hefir nú og áður haft af ákærða.

Ákærði er fæddur 19. apríl 1886 og var hann 1) í lögreglurétti Skagafjarðarsýslu, 25. marz 1908 sektaður um 30 krónur fyrir tíundarsvik, 2) með dómi landsyfirréttararins, uppkv. 29. sept. 1913, dæmdur samkv. 250 gr. alm. hegningarlaga frá 25. júní 1869 í 4×5 daga fangelsi við vatn og brauð, 3) með dómi sama réttar, uppkv. 25. okt. 1915, dæmdur samkv. 250. gr. og 272. gr., sbr. 273. gr. greindra hegningarlaga til eins árs betrunarhúsvinnu, 4) með dómi lögregluréttar Skagafjarðarsýslu, uppkv. 6. jan. 1927 sektaður um 30 kr. fyrir brot gegn 12. g. laga nr. 44/1913, 5) með dómi hæstaréttar, uppkv. 6. des. 1929, dæmdur samkv. 250. gr. alm. hegningarlaga í sex mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 6) með dómi hæstaréttar, uppkv. 2. apríl 1930, sektaður um 100 kr. fyrir brot gegn 2. mgr. 11. gr. laga nr. 44/1913. Hann sat í gæzlugarðhaldi frá 24. október til 7. nóvember síðastliðinn.

Brot ákærða, sem lýst hefir verið hér að framan, heyra að réttarins álit undir 250. gr., sbr. 249. gr. almennra hegningarlaga frá 25. júní 1869 og þykir hegning sú, er hann hefir unnið til, með tilliti til fortíðar hans og mála-

vaxta, hæfilega ákveðin 10 mánaða betrunarhúsvinna. Svo ber að dæma ákærða til að greiða til Ellerts Jóhannssonar í Holtsmúla í Staðarhreppi 30 krónur í iðgjöld.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma ákærða til að greiða allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns hans hér í réttinum Péturs Hannessonar, sparisjóðsformanns á Sauðárkróki, er ákveðast 30 krónur.

Dráttur sá, er orðið hefir á rekstri máls þessa, stafar af fjarveru dómars, sérstaklega miklum embættisönn-um og þar á meðal réttarrannsóknunum, svo og því að dóm-arinna hefir að undanfögnu þurft að unna sér nokkurrar sumarhvíldar sökum langvarandi heilsubrests.

Laugardaginn 4. apríl 1936.

Nr. 191/1934. Lárus Fjeldsted f. h. eigenda e/s
Papeyjar o. fl. (Th. B. Lindal)
gegn

Sveinbirni Jónssyni f. h. eigenda e/s
Brigitte Sturm (Sveinbjörn Jónsson).

Bótakröfur út af árekstri skipa.

Dómur sjóréttar Reykjavíkur 25. sept. 1934: Stefndur, Sveinbjörn Jónsson f. h. eigenda Brigitte Sturm, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Lárusar Fjeldsted f. h. eigenda e/s Papeyjar o. fl., í þessu máli.

Málskostnaður fellur niður.

Dómur hæstaréttar.

Mál þetta hefir verið flutt skriflega fyrir hæsta-rétti samkvæmt 2. tölul. 38. gr. hæstaréttarlaganna.

Áfrýjandi hefir krafizt þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 154609.65, ásamt 5% ársvöxtum af upphæðinni frá 20. febrúar 1933